



Alþingi
Erindi nr. P 131/105
komudagur 16.11.2004

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 15. nóvember 2004

Tilvísun: 2004100188

091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Varðar umsögn um þskj. 13 - 13. mál, 131. löggjafarþings 2004 - 2005

Ríkislögreglustjóranum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, þskj. 13 - 13. mál.

Ríkislögreglustjórinn er almennt fylgjandi því að heimildir og möguleikar lögreglu til vitnaverndar verði auknir. Dómsmálaráðuneyti og Ríkislögreglustjórinn taka nú þátt, ásamt fulltrúum annarra norðurlanda, í norrænu samstarfi um vitnavernd. Á síðari árum hafa verið gerðar nokkrar lagabreytingar með það að markmiði að auka vernd vitna, og má sem dæmi um þetta nefna, lög nr. 94, 2000 um nálgunarbann um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, nr 19, 1940. Annað dæmi eru lög nr. 86, 1994, um heimild til að halda leyndum persónuupplýsingar lögreglumanna fyrir dómi, sbr. 2. og 3. gr. laganna sem breyttu 59. og 72. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Tilvísanir í 2. gr. frumvarpsins til fórnarlamba- og vitnaverndar eru óljósar og virðast lítið skilgreindar og felast í að *"útlendingi sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skal gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi."* Samkvæmt þessu er enginn munur í framkvæmd á fórnalambavernd og vitnavernd samkvæmt frumvarpinu. Seinna í sömu grein segir að *"fórnalambaverndin gengur framfar vitnaverndinni"*. Ríkislögreglustjórinn skilur það svo að munurinn á heitunum sé hvort viðkomandi meint fórnarlamb kys að aðstoða lögreglu eða ekki við að upplýsa hver stendur á bak við mansalið með skýrslum og vitnisburði. Það er aftur á móti ekki munur á rétti viðkomandi eða innihaldi verndarinnar um dvalarleyfi, atvinnuleyfi og félagslega aðstoð. Hér er því ekki átt við vernd fyrir viðkomandi fórnarlamb t.d. með nafnleynd, leynd á dvalarstað eða aðrar öryggisráðstafanir gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu.

Ríkislögreglustjórinn telur að gjalda verði varhug við því að meint fórnarlamb mansals skuli geta neitað að aðstoða lögreglu af þeirri einu ástæðu að það *"treystir sér ekki til þess"* eins og segir í frumvarpinu, eða *"getur ekki vitnað"*, án þess að það skerði rétt þeirra samkvæmt lögunum. Líta verður til þess að engin dæmi eru um að lögregla hafi upplýst um mansal eða ákært hafi verið vegna þess. Þau dæmi sem nefnd hafa verið um mansal eru meira byggð á getgátum en marktækum dæmum. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að slík mál muni koma upp hér á landi eins og í nágretta löndunum. Það eðlilegt að meintum fórnarlömbum mansals sé gert að aðstoða lögreglu með skýrari hætti en að framan greinir. Ríkislögreglustjórinn telur að gera verði kröfur um að fyrir liggi einhvert hlutlægt mat annarra en þess sem óskar verndar t.d. nefndar, sbr. 5. gr. frumvarpsins, eða lögreglu, um að, að vitni stafi hætta kjósi það að tjá sig


RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

um meint brot. Verður ekki talið nægjanlegt til að losna undan vitnaskyldu að meint fórnarlamb meti það svo sjálft að það treysti sér ekki til að rækja skyldu sína. Að öðrum kosti er hætta á að úrræði þetta verði misnotað í því skyni að tryggja viðkomandi þann ávinning sem frumvarpið kveður á um, án þess að um raunverulegt mansal sé að ræða. Verður að gera kröfu um að þessi vitni eins og önnur sem kvödd eru fyrir dóm, eða kjósa að tjá sig hjá lögreglu, sé skyldug til að upplýsa um meint hegningarlagabrot, stafi ekki nein bein hætta að þeim. En eins og kunnugt er var sett inn nýtt ákvæði í 227. gr. a, almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með lögum nr. 40, 2003, sem kveður á um allt að 8 ára fangelsi við mansali. Hér er því um alvarleg brot að ræða sem geta varðað allt að 8. ára fangelsi og miklir almannahagsmunir bundnir því að slík brot verði upplýst og sekir látnir sæta refsingu.

Ríkislögreglustjórinn vill einnig gera athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að nefnd sú sem greinin fjallar um, kanni hvort "*grunur um mansal er á rökum reistur*", . Rannsóknir opinberra mála eru í höndum lögreglu, sbr. 66. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála, og ber lögreglu að rannsaka brot gegn 227. gr. a almennra hengingarlaga, eins og önnur lögbrot og því óeðlilegt að fela það nefnd sem í 5. gr. getur. Eðlileg málsmeðferð vegna mála þar sem grunur er um mansal, er að mati Ríkislögreglustjórans, að þau hljóti rannsókn eins og önnur refsiverð hegðun. Það er óeðlilegt að meint fórnarlamb mansals hljóti allan ávinning af fórnarlambavernd, eins og frumvarpið skilgreinir hana, án þess að þurfa að færa sönnur á mál sitt með framburði hjá lögreglu. Líklegt er að upp muni koma mál þar sem ekkert styður að öryggi vitnis sé ógnað og mikilvægustu upplýsingarnar sem fyrir liggja um meint mansal er framburður viðkomandi. Með þessu væri opnað á misnotkun þar sem uppljóstrun brota sem þessara veltur án efa oft á framburði fórnarlambis sem frumvarpið óbreytt veitir opna heimild til að njóta góðs af framangreindri stöðu án þess að leggja sitt af mörkum til að aðstoða lögreglu við að upplýsa málið. Vandséð er hvernig nefnd samkvæmt 5. gr. frumvarps á að geta upplýst um hvort um raunverulegt mansal er að ræða án þess að hafa þau úrræði sem lögregla hefur og án þess að vitnum sem ekki er ógnað, sé gert að vitna um meint brot.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,


Helgi Magnús Gunnarsson lögfulltr.